

Alþingi
b/t umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/872
komudagur 21.1.2014

Ísafirði 20. janúar 2014

Umsögn um þingsályktunartillögu um háhraðanettengingar í dreifbýli, 203. mál 143. löggjafarþing.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga (FV) vill með bréfi þessu bregðast við þingsályktunartillögu af 143. löggjafarþingi, mál 203 vegna háhraðanetstenginga í dreifbýli.

Stjórn FV ítrekar að mikil þörf er á að koma á háhraðatengingu sem stenst nútímakröfur um allt land hvort sem um er að ræða íbúa þéttbýlis eða dreifbýlis. Háhraðatenging er grundvöllur fyrir atvinnuþróun í nútíma samfélagi, uppbyggingu rafrænnar stjórnsýslu og jafnræði íbúa til aðgengis að þjónustu og afþreyingu, samanlagt því liður í jöfnun búsetuskilyrða.

Stjórn FV fagnar efni þessarar þingsályktunartillögu en leggur til að þarfagreiningu sem lögð er til í texta þingsályktunar, verði skipt upp í tvo áfanga. Í fyrri áfanga verði unnið að því að ljósleiðaratengja þá fáu þéttbýlisstaði á Íslandi sem enn eru ekki tengdir ljósleiðara, en í seinni áfanga verði unnið að uppbyggingu háhraðanetstengingar í dreifbýli. FV bendir hér á samlegðaráhrif sem felast í þessari forgangsörðun, að nýlagning ljósleiðara á þessa þéttbýlisstaði mun liggja dreifbýlar sveitir.

FV fylgir hér eftir stefnumörkun sem áður hefur verið kynnt Alþingi en í umsögn FV 5. mars 2012, um þingsályktun um fjarskiptaáætlun 2011-2014 segir „gengið verði til þess verkefnis, á næstu tveim árum, að hringtengja Vestfirði með ljósleiðaratengingu frá Ísafirði um Ísafjarðardjúp til Hólmavíkur og suður Strandir.“ Einnig skal vísað til ályktunar 58. Fjórðungsþings Vestfirðinga um samgöngumál, þar sem segir um fjarskiptamál:

Fjórðungsþing Vestfirðinga lýsir vonbrigðum með framgang í uppbyggingu ljósleiðaranets á Vestfjörðum. Hringtengt gagnaflutningsnet á grunni ljósleiðara er til framtíðar litið grundvöllur fyrir atvinnuþróun á Vestfjörðum og jöfnun búsetuskilyrða. Hraða þarf uppbyggingu þessa kerfis og fyrsti áfangi verði lagning ljósleiðara til Hólmavíkur og Drangsnæs, en það eru einu þéttbýlisstaðir landsins¹ sem ekki eru tengdir ljósleiðarakerfi landsins, sem er óásættanlegt.

Sú sérstaka staða er upp á Vestfjörðum að ekki er búið að tengja fjóra þéttbýlisstaði við ljósleiðara á ásættanlegan hátt, þau eru Hólmavík, Drangsnæs, Reykhólar og Súðavík. Það er margítrekuð krafa íbúa þessa byggðalaga að tenging og lagning ljósleiðara sé sett í forgang. Á Hólmavík og Drangsnæsi er enginn ljósleiðaratenging tiltæk en hún er forsendan fyrir


¹ Ályktunin er ónákvæm hvað varðar stöðu þéttbýlis á Raufarhöfn, Árskógssandi og í Hrísey.

ljósnetinu. Íbúar hafa aðgang að 3G tengingu og fyrstu kynslóðar ADSL, sú tenging skilar ekki íbúum þeim hraða, afkastagetu og þjónustuframboði sem ljósleiðari gerir. Til dæmis er ekki unnt að tengjast þeirri þjónustu er boðið er upp á í gegnum ljósleiðara svo sem VOD-sjónvarp. Á Reykhólum og í Súðavík er búið að leggja ljósleiðara en réttur tengibúnaður er ekki til staðar, þannig að íbúar þessara þéttbýlisstaða geti notið fullra afkasta á ljósleiðaranum.

Tengja þyrfti ljósleiðarann frá Ísafirði um Ísafjarðardjúp til Hólmavíkur og aftur frá Hólmavík suður Strandir að Brú í Hrútafirði eða á annan hátt sem tryggir tengingu við ljósleiðaranet landsins. FV bendir á að lokið er að leggja ljósleiðara yfir Steingrímsfjarðarheiði og að Látrum í Mjóafirði en tengja þarf hann áfram út í Ögur og þaðan til Ísafjarðar svo að hann nýtist sem hluti af hringtengingu Vestfjarða. Þá er bent á að vegna almannahagsmuna er eðlilegt að ríkið tryggi sér eignaraðild að a.m.k. þremur þráðum í slíkri hringtengingu fyrir almannavarnahlutverk og útleigu til að tryggja samkeppnisforsendur á sama hátt og er nú annars staðar um landið.

Ljóst er að mikilvægt er í ljósi byggðapróunar og einhæfni atvinnulífs á Vestfjörðum að öll byggðalög verði tengd ljósleiðara. FV vill því ítreka að hringtenging ljósleiðara um Vestfirði er forgangsmál enda er það krafa atvinnulífs á Vestfjörðum að hér setið sé við sama borð og þorri annarra landsmanna hvað varðar öryggi og gæði háhraðatenginga. Þá telur FV það stuðla að því að ljósleiðaravæðing verði unnin á meiri hraða en hingað til ef felld eru niður vörugjöld vegna ljósleiðara eða þau nýtt til niðurgreiðslu á fjarskiptaleiðum sem að öðrum kosti væru taldar óarðbærar.

Fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 143/911
komudagur 28.1.2014



Alþingi
b/t umhverfis- og samgöngunefndar
Nefndasviði Alþingis við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. janúar 2014

Efni: Umsögn Gagnaveitu Reykjavíkur til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um háhraðanettengingar í dreifbýli, 203. mál.

Gagnaveita Reykjavíkur vill koma á framfæri eftirfarandi tillögu að breytingu á þingsályktunartillögu um háhraðanettengingar í dreifbýli, 203. mál. Fyrirtækið er fúst til að veita nánari skýringar á þessari tillögu og rökstuðningi, sem og að koma með tillögur að textabreytingum, ef óskað er.

Almennt um þingsályktunartillöguna

Gagnaveita Reykjavíkur fagnar efni þessarar þingsályktunartillögu. Gagnaveitan hefur langa reynslu af lagningu ljósleiðara til heimila og fyrirtækja á þjónustusvæði fyrirtækisins sem nær bæði til höfuðborgarsvæðisins og til þéttbýlisstaða utan höfuðborgarsvæðisins. Ljósleiðaragrunnnet Gagnaveitunnar nær í dag frá Bifröst á Vesturlandi til Vestmannaeyja á Suðurlandi. Ásamt ljósleiðaranetinu rekur Gagnaveitan netkerfi sem þjónustuveitur hafa heildsöluaðgang að. Heimili sem vilja nýta sér ljósleiðarann eru tengd við netkerfið og geta í kjölfarið valið við hvaða þjónustuveitu þau eiga viðskipti við. Með þessu stuðlar fyrirtækið að hagkvæmni í uppbyggingu fjarskiptainnviða samhliða því að stuðla að aukinni samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Gagnaveitan telur ljósleiðara sem lagður er alla leið til heimila ávallt standa framar öðrum tæknilausnum hvað varðar flutningsgetu og gæðaeiginleika tenginga. Aðrar tæknilausnir eru, samanborið við ljósleiðara, almennt taldar tímabundnar lausnir með takmarkaðan líftíma ásamt því að þeim fylgja ýmsar tæknilegar takmarkanir. Ljósleiðari er sérstaklega hentugur fyrir háhraðatengingar um langar vegalengdir. Sem dæmi þá styður gagnaflutningskerfi GR auðveldlega 40 km vegalengd frá tengistöð til heimilis. Tengihraði er sá sami í báðar áttir. Þjónustuveitur ráða því hvaða tengihraða þau selja heimilum aðgang að innan þeirra marka sem endabúnaður styður. Í dag er GR að setja upp búnað sem ræður við 1 Gbit/s tengihraða frá tengistöð til heimilis. Hærri tengihraði hjá viðskiptavinum krefst eingöngu uppfærslu á búnaði þar sem við á.

Skv. nýbirtri könnun Hagstofu Íslands um netnotkun Íslendinga¹ sést greinilega hvernig höfuðborgarsvæðið hefur forskot hvað varðar nýtingu á ljósleiðaratækni. Skv. niðurstöðum könnunarinnar nýta 26,6% heimila sér ljósleiðaratengingu. Skiptingin er þannig að 33,2% á höfuðborgarsvæðinu nýta sér ljósleiðaratengingu, en einungis 15,3% á landsbyggðinni.

Tillaga að breytingu:

Lagt er til að við 1. málsgrein verði bætt við tilvísun í kröfur um gæði háhraðatengingar til viðbótar við kröfur um flutningsgetu. Uppfærð málsgrein yrði þá:

Alþingi ályktar að fela innanríkisráðherra, og eftir atvikum í samstarfi við fjarskiptasjóð, að gera nýja þarfagreiningu og landsáætlun um háhraðanettengingar utan þéttbýlis með það að markmiði að innan fjögurra ára eigi allir landsmenn kost á háhraðanettengingum sem standast kröfur samtímans um flutningsgetu og gæðaeiginleika tenginga.

Rökstuðningur:

Til að markmið þingsályktunartillögunar, um að tryggja jafna aðstöðu allra landsmanna til að tileinka sér möguleika upplýsingartækninnar, náist er mikilvægt að mati Gagnaveitunnar að horfa ekki bara til flutningsgetu heldur líka gæði tenginga.

Með gæðaeiginleikum er hér átt við þætti á borð við:

- Stöðugleika tengingar gagnvart truflunum í umhverfi
- Jafn tengihraði í báðar áttir
- Viðmið fyrir seinkun (e. latency) og breytilegan svartíma (e. jitter)
- Geta tengingar til að styðja vel við bæði meðalnotkun og tímabundna álagsnotkun

Gæðaeiginleikar tenginga skiptir máli þegar horft er til stórauðinnar notkunar á þjónusta í skýinu (e. cloud services), streymis á myndefni í báðar áttir, og þarfa heimila til að geta með jöfnum hætti miðlað eða sótt efni á Internetinu. Aukin dreifing á hugbúnaði og myndefni yfir Internetið, s.s. þegar keyptar eru bíómyndir eða tölvuleikir, gerir einnig kröfur um að tenging ráði vel við bæði meðalnotkun og tímabundið álag.

Virðingarfyllst,



Jón Ingi Ingimundarson
Forstöðumaður tæknideildar
Gagnaveitu Reykjavíkur

¹ ,Tölvu- og netnotkun á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum 2013' dags. 27. janúar 2014

Alþingi
Erindi nr. P 143/831
komudagur 10.1.2014

Reykjavík janúar 2014

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Tillaga að þingsályktun um háhraðanettengingar í dreifbýli : Umsögn Nova ehf.

Nova vekur athygli á að greinargerðin sem fylgir tillögunni gerir afar lítið úr þráðlausum háhraðafjarskiptum og gengur hreinlega svo langt að dæma þráðlaus fjarskipti nánast sem ófullnægjandi, þau standist ekki kröfur tímans! Þessu orðalagi mótmælir Nova og fullyrðir að það er rangt og stenst ekki skoðun.

Í greinargerðinni segir í þeim hluta sem kallaður er Netnotkun og netþróun (Ath – leturbreyting/undirstrikun Nova):

„Þá er að nefna þráðlaust örbylgjusamband, UTMS (3G), sem hátt hlutfall notenda í dreifbýli býr við. Enda þótt þráðlaus örbylgjusambandið hafi víða komið að góðum notum hefur það ýmsa ógalla sem gera það að verkum að það getur ekki mætt þörfum notenda með fullnægjandi hætti. Eru þeir helstir að örbylgjusambandið þolir lítið notkunarálag án þess að verulega dragi úr afkastagetu þess og enn fremur hafa veður og landfræðilegar aðstæður áhrif á starfsemi kerfisins og geta gert það hægvirkt eða óstöðugt.“

Sem fyrr segir stenst þetta ekki skoðun, því þráðlaus háhraðapjónusta hefur margoft sannað gildi sitt sem örugg, hagkvæm og afkastamikil þjónusta. Þráðlaus háhraðapjónusta, t.d. sem veitt er með 3G, og enn frekar með hinni nýju 4G þjónustu, getur verið afar afkastamikil og hagkvæm þjónusta, en gæði og áreiðanleiki þjónustunnar ræðst af þeim gæðakröfum sem settar eru til þjónustunnar. Ef þau gæðaviðmið sem t.d. Fjarskiptasjóður hefur sett um þá 3G háhraðapjónustu sem veitt er fyrir tilstilli sjóðsins stenst ekki nútímakröfur eða þykir ekki fullnægjandi þá er þar ekki við tæknina og getu hennar að sakast, heldur þær gæðaviðmiðanir sem settar eru.

Bent er á að gríðarleg þróun á sér stað í þráðlausri háhraðatækni, svo sem 4G tækninni og áframhaldandi þróun hennar næstu árin. Gagnahraði er nú þegar tugfaldur á við það sem best lét fyrir fáum misserum, t.d. þegar Fjarskiptasjóður hóf verkefni sitt. Til að mynda hefur hið breska farsímafyrirtæki EE nýlega opnað fyrir 4G+ háhraðakerfi í London sem ræður við allt að 300Mb/s hraða. Í dreifðum byggðum eru enn fremur enn minni líkur til þess að fjöldi notenda dragi niður í afköstum þjónustunnar í samanburði við þau áhrif þéttbýli.

Ekki er vafamál að kostnaður við uppbyggingu þráðlausrar háhraðapjónustu er verulega minni en við lagningu ljósleiðarakerfa um langan veg og að hverju hús eða inni það. Vegna þeirrar hagkvæmni, afkasta og gæða sem þráðlaus háhraðapjónusta getur veitt er nauðsynlegt að sú tækni sé ekki undanskilin í umfjöllun og ákvarðanatöku um háhraðapjónustu fyrir íbúa landsins.

Virðingarfyllst, f.h. Nova

Jóakim Reynisson, framkvæmdastjóri tæknimála



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2014

Málsnúmer: 2014010008
Skjalalykill: 15.3.4

Málefni: Umsögn PFS um þingsályktunartillögu um háhraðanetstengingar í dreifibýli

Póst- og fjarskiptastofnun hefur verið gefinn kostur á því að gera athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um háhraðatengingar í dreifibýli, sbr. þingskjal nr. 260 – 203 mál. mál.

Póst- og fjarskiptastofnun telur þessa tillögu til þingsályktunar vera jákvæða og vera til þess fallna að styðja við markmið fjarskiptaáætlunar um útbreiðslu háhraðatenginga, bæði til skemmri tíma, þ.e. fyrir árin 2011-2014 og til lengri tíma, fyrir árin 2011-2022, enda er vísað til þeirra í greinargerð með tillögunni.

I.

Skilgreining á háhraðanetstengingu

Í tillögunni er ekki afmarkað nánar um hvers konar háhraðatengingu um er að ræða, þ.e. hvort um sé að ræða þráðlaust aðgangsnét eða heimtaugar í fastanetinu, eða hvaða tækni eða staðla miðað er við. Að vísu er lagt til að fella niður vörugjöld af ljósleiðarastrengjum eða láta þau renna til fjarskiptasjóðs. Þannig má líta svo á að tillagan taki a.m.k. til ljósleiðaratenginga, en sé að öðru leyti almenn í eðli sínu, þ.e. tæknilega óháð. Má t.d. ráða þetta af efni greinargerðarinnar sem fylgir tillögunni, en þar er m.a. gerð grein fyrir þróun uppbyggingar háhraðatenginga, m.a. þeirri háhraða gagnaflutningsþjónustu sem felst í þriðju kynslóð farsímaþjónustu (3G farsímaþjónusta skv. UMTS staðli). Má því ætla að ná megi markmiði þingsályktunartillögunnar, hvort sem er með því að byggja upp þráðlaust aðgangsnét eða með því að leggja ljósleiðarheimtaugar. Sé litið til þess 100 Mb/s gagnaflutningshraða sem ætlunin er að 99% heimila landsins hafi aðgang að á árinu 2022, er þó ljóst að leggja þurfi talsvert af ljósleiðarheimtaugum, sérstaklega á strjálbýlli svæðum landsins, þar sem dýrara getur verið að byggja upp þráðlaust aðgangsnét fyrir mjög bandbreiðar þjónustur á fámennum svæðum. Jafnframt er ljóst að uppbygging háhraðafarneta, t.d. 4G farneta, er háð því að sendastaðir sem hýsa fjarskiptasenda fyrir slíka þjónustu séu tengdir mjög hraðvirkum tengingum við stofnnetið og þá einkanlega með ljósleiðaratengingum. Ljóst er að byggja þarf upp fjölda slíkra sendastaða í dreifibýli á næstu árum í tengslum við uppbyggingu 4G þjónustu. Ef vel ætti að vera þyrftu þessir sendastaðir að vera tengdir ljósleiðara og rafmagni.

Staðan nú

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er vísað til uppbyggingar á þriðjukynslóðar farsímaþjónustu, en hún býður jafnframt upp á háhraða gagnaflutningsþjónustu upp að ákveðnu marki. Síðan fjarskiptatíðnum fyrir 3G farnetsþjónustu voru úthlutaðar á árinu 2007

hefur Póst- og fjarskiptastofnun haldið áfram á þeirri vegferð að við úthlutun á fjarskiptatíðnum sé mælt fyrir um metnaðarfullar útbreiðslukröfur sem tíðnirétthafar þurfa að uppfylla á markaðsforsendum án stuðnings frá hinu opinbera. Í skilmálum uppboðs á tíðnum fyrir fjórðu kynslóð farnetsþjónustu (4G þjónusta) í byrjun árs 2012 var ein tíðniheimildin, sem boðin var upp, bundin skilyrðum um að háhraða farnetsþjónusta, með gagnaflutningshraða að lágmarki 10 Mb/s, næði til 99,5% landsmanna, innan hvers landsvæðis, fyrir lok árs 2016 og að aukinn gagnaflutningshraði að lágmarki 20 Mb/s næði til sama fjölda landsmanna fyrir lok árs 2020. Umrædd tíðniheimild gekk út í uppboðinu og gangi þessi uppbygging eftir á næstu árum, sem tíðnirétthafinn er skuldbundinn til að framkvæma, má ætla að stór skref verði stigin á næstunni við að uppfylla markmið fjarskiptaáætlunar og jafnframt þeirrar þingsályktunartillögu sem hér er til umfjöllunar.

Þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun unnið að því að undanfögnu að endurskoða þær alþjónustukvaðir sem hvílt hafa á Milu ehf. og Símanum hf. um að veita lágmarksgagnaflutningsþjónustu til allra landsmanna á grundvelli alþjónustu. Núverandi lágmarkshraði gagnaflutningsþjónustu í alþjónustu sem skilgreindur er í lögum, þ.e. 128 Kb/s, er orðinn úreltur vegna framþróunar í tækni á síðast liðnum árum. Með tilliti til þessa hefur Póst- og fjarskiptastofnun með ákvörðun sinni nr. 31/2013 aflagt þessa þjónustu sem skyldubundna kvöð gagnvart Símanum hf., enda býðst langflestum landsmönnum betri internetþjónusta, en leiðir af alþjónustu. Eftir stendur, að álitu Póst- og fjarskiptastofnunar, að endurskoða þurfi þær alþjónustukvaðir sem lúta að tengingu landsmanna við fastlínukerfið (að mestu koparheimtaugar) með það að markmiði að hvetja til nútímavæðingar og endurfjárfestingar í heimtauganetinu, einkum með því að koparheimtaugum verði skipt út fyrir ljósleiðaraheimtaugar. Stofnunin er að undarbúa umræðuskjal um hvaða leiðir er mögulega hægt að fara í þessum efnum og verður það kynnt opinberlega innan skamms. Ætla má að ljósleiðaravæðing heimtauganetsins sé ein forsenda þess að ná megi þeim gríðarlega mikla gagnaflutningshraða, víðast hvar á landinu, við upphaf næsta áratugar eins og markmið marskiptaáætlunar gera ráð fyrir.

Stefnumörkun og forgangsöröðun við uppbyggingu fjarskiptainnviða

Póst- og fjarskiptastofnun telur að skoða verði aðkomu opinberra aðila að uppbyggingu fjarskiptainnviða í samhengi við aðgerðir einkaaðila á markaðsforsendum, auk annarra sértækra úrræða sem til greina koma við slíka uppbyggingu, s.s. með fjármögnun í gegnum alþjónustu. Með öðrum orðum ber að móta heildstæða stefnu um hlutverk hins opinbera við uppbyggingu fjarskiptainnviða og hvaða forsendur þurfi að vera til staðar til að réttlæta hana, t.d. markaðsbrestur. Í þessu sambandi hefur Póst- og fjarskiptastofnun séð fyrir sér ákveðna forgangsöröðun í fjórum þrepum við uppbyggingu á fjarskiptainnviðum. Um er að ræða fjórar leiðir sem samanlagt eru til þess fallnar að ná ofangreindum markmiðum að fullu. Leið eitt á við þar sem markaðsaðilar veita þjónustu á markaðsforsendum. Leiðir tvö til fjögur eiga við þar sem markaðsbrestur ríkir. Mikilvægt er að hafa í huga megin hugmyndafræði fjarskiparegluverksins hvað varðar uppbyggingu innviða er að hvetja markaðsaðila til fjárfestinga og að þeir gegni þar meginhlutverki. Aðkoma hins opinbera á einungis við þar sem markaðsbrestur ríkir.

1. Frjáls markaður - beiting fjarskiparegluverksins. Stuðla ber að áframhaldandi sjálfbærri samkeppni í fjarskiptum og uppbyggingu innviða fjarskipta á vegum markaðsaðila á grundvelli fjarskiparegluverskins, sem t.d. gerir ráð fyrir aðgang samkeppnisaðila að nauðsynlegri aðstöðu vegna fjarskipta og samnýtingu á fjarskiptainnviðum. Póst- og fjarskiptastofnun telur að markaðsaðilar byggi upp . 92-95% fjarskiptainnviða landsins á

grundvelli regluverksins á samkeppnis- og markaðsforsendum. Með tilliti til þessa þarf að gæta því að:

- Yfirfara markaðgreiningar með það að markmiði að greina hvernig megi stuðla að uppbyggingu innviða á markaðsforsendum.
- Innleiða fjarskiptaregluverkið frá 2009 og yfirfara og uppfæra allt regluverkið með það að markmiði að stuðla að uppbyggingu og þróun innviða í samkeppni og á sjálfbæran hátt. Í fjarskiptaregluverkinu frá 2009 er lögð sérstök áhersla á uppbyggingu innviða og greiðari aðkomu markaðsaðila að þeirri uppbyggingu.

Meðal úrræða sem fjarskiptaregluverkið býr yfir til að stuðla að útbreiðslu fjarskiptaþjónustu er að binda tíðniheimildir skilyrðum um tiltekna útbreiðslu fjarskiptaþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er þannig heimilt að mæla fyrir um útbreiðslukvaðir við úthlutun tíðniheimilda. Þetta hefur Póst- og fjarskiptastofnun gert í kjölfar útboðs á tíðniheimildum fyrir 3G farsímaþjónustu árið 2007 og eftir uppboð á tíðniheimildum til að veita 4G þjónustu árið 2013.

2. Samlegð með veituframkvæmdum og þátttaka sveitarfélaga og Vegagerðar. Telja verður þjóðhagslega hagkvæmt að samnýta framkvæmdir veitufyrirtækja og framkvæmdir við vegagerð, að því er varðar uppbyggingu á raf- og vatnslögnum og þjóðvegakerfinu, við lagningu fjarskiptavirkja, einkum ljósleiðarastrengja. Veitufyrirtæki eru oft í eigu sveitarfélaga eða starfa á grundvelli einkaréttar- eða sérleyfa. Þannig hafa sveitarfélög með beinum hætti, eða óbeinum, þ.e. í gegnum veitufyrirtæki í þeirra eigu, sýnt uppbyggingu á fjarskiptainnviðum talsverðan áhuga á síðustu árum. Að áliti Póst- og fjarskiptastofnunar ber að greiða fyrir samlegðaráhrifum af veituframkvæmdum og áhuga sveitarfélaga á því að taka þátt í uppbyggingu á fjarskiptainnviðum. En þar sem hér er mögulega um að ræða afskipti opinberra aðila (sveitarfélags/Vegagerðar) af samkeppnismarkaði og aðgerðir aðila (veitufyrirtækis) sem starfar samkvæmt sérleyfi, getur verið vandasamt að uppfylla skilyrði Evrópulöggjafarinnar um ríkisstyrki. Því þarf að leggja töluverða vinnu í lögfræðilega greiningu á því hvaða leiðir eru færar í þessum efnum. Frekari vinna gæti m.a. falist í eftirfarandi:

- Kanna og greina reglur um ríkisstyrki og gera leiðbeiningar fyrir sveitarstjórnir um túlkun þeirra og útfærslu.
- Búa til rammamarkanna fyrir sveitarstjórnir í samskiptum við fjarskiptafélög.
- Útfæra leiðbeiningaþjónustu í samráði við samtök sveitarfélaga um innviðaframkvæmdir fjarskipta
- Breyta lögum þannig að veitufyrirtækjum og Vegagerðinni sé skylt að leggja ljósleiðara samhliða veituframkvæmdum, sé það talið skynsamlegt að mati stjórnvalda.
- Skýra lagaumhverfi og viðskiptaforsendur fyrir ráðstöfun slíkra innviða.

3. Álagning alþjónustukvaða. Samkvæmt lögum er hægt að skilgreina tiltekinn lágmarkshraða í gagnaflutningsþjónustu sem skal standa öllum landsmönnum til boða á viðráðanlegu verði á grundvelli s.k. *alþjónustu*. Sé lögð á kvöð um að veita slíka gagnaflutningsþjónustu á svæðum þar sem ríkir markaðsbrestur og þjónustan þannig veitt með tapi, sem telst vera ósanngjörn byrði gagnvart alþjónustuveitanda, getur hann átt rétt á fjárframlagi úr s.k. *jöfnunarsjóði*, sem fjármagnaður er með gjaldi sem leggst á

bókfærða veltu allra starfandi aðila á fjarskiptamarkaði. Þetta úrræði getur verið gagnlegt til að tryggja ákveðna lágmarkspjónustu á strjálbýlustu svæðum landsins. Til að virkja þetta úrræði enn frekar en nú er þyrfti að:

- Huga að hærri lágmarkshraða háraðatenginga sem falla undir alþjónustu.
- Skilgreining á „heimtaug“ verði sveigjanlegri og innihaldi ljósleiðara ásamt farnetum þar sem það á við.
- Aðgangur að heimilissíma verði sveigjanlegri þannig að styðjast megi við nýja tækni. Huga þarf að öryggisþáttum.
- Útfæra kostnaðarþátttöku alþjónustuhafa (fjarskiptafélags), notanda og hugsanlega annarra (hins opinbera).

4. Ríkisstyrkir. Eftir að fjarskiptastefsemi var gefin frjáls hér á landi og fjarskiptamarkaðurinn þannig kominn undan ríkisforsjá, leiðir það af eðli máls, að ábyrgð á fjárfestingum og nýsköpun á þessu sviði er ekki lengur á hendi hins opinbera. Reyndar getur öll afskipti hins opinbera af frjálsum samkeppnismarkaði orkað tvímælis og skekkt samkeppnisstöðu fyrirtækja. Því ber að líta á beina ríkisstyrki til uppbyggingar á fjarskiptainnviðum, hvort sem er úr fjarskiptasjóði eða með framlögum úr ríkissjóði, sem þann valkost við uppbyggingu fjarskiptainnviða sem síðast ber að skoða og aðrar leiðir hafa ekki reynst færar. Hins vegar er alls ekki hægt að útiloka að slíkra aðgerða sé þörf, ef t.d. er um að ræða landssvæði sem búið hafa við alvarlegan og langvarandi markaðsbrest. Ef fara á þessa leið til uppbyggingar á fjarskiptainnviðum í meira mæli frá því sem nú er telur Póst- og fjarskiptastofnun nauðsynlegt að útbúnar verði leiðbeiningar til opinberra aðila um notkun ríkisstyrkja, sbr. regluhverfi EES-samningsins og dómafordæma EFTA dómstólsins á því sviði.

Uppbygging vegna öryggissjónarmiða er einnig lögmætt og málefnalegt tilefni til uppbyggingar á fjarskiptainnviðum á vegum eða með stuðningi hins opinbera. Markmiðið getur verið að tryggja almannaöryggi, t.d. á svæðum sem búa ekki við hringtengingu ljósleiðarakerfis eða uppbygging ljósleiðaratengdra sendastaða utan alfaraleiðar. Sé gripið til slíkra aðgerða er nauðsynlegt að þær raski ekki samkeppnisumhverfi og ef tækifæri er nýtt að byggja kerfið út umfram þarfir brýnna öryggishagsmuna, er mikilvægt að fjárfestingin nýtist öllum markaðsaðilum á jafnræðisgrundvelli, t.d. með því að veita opinn heildsöluaðgang að slíkum fjarskiptainnviðum. Er einmitt minnst á þetta í tillögunni til þingsályktunar og telur Póst- og fjarskiptastofnun það vera mjög jákvætt. Ef vinna á að uppbygginga fjarskiptainnviða á þessum grundavelli þarf að huga að því að:

- Gera ítarlega greiningu á öryggi fjarskiptakerfa og öryggi almennings og atvinnulífsins þegar kemur að notkun fjarskipta á neyðarstundu.
- Greina regluverk sem snýr að því ef opinberu fé er varið til að byggja upp innviði fjarskipta á grundvelli öryggissjónarmiða.
- Skilgreina þau verkefni sem hið opinbera þarf að ráðast í á grundvelli öryggissjónarmiða, enda er sýnt að markaðsaðilar muni ekki gera það.

Huga þarf að því að við útfærslu verkefna samkvæmt leiðum tvö til fjögur gæti verið heppilegt að huga að samstarfsverkefnum hins opinbera og einkaaðila (PPP – Public-private partnership).

Nánar um hlutverk hins opinbera við uppbyggingu fjarskiptainnviða

Þegar horft er til framangreindra leiða, sem tiltækar eru til að stuðla að uppbyggingu á háhraðanetstengingum, sitt í hvoru lagi eða allar saman, er ljóst að Póst- og fjarskiptastofnun hefur mikilvægu og víðtæku hlutverki að gegna við að útfæra þessar leiðir og/eða koma þeim til framkvæmda. Má sem dæmi nefna að Póst- og fjarskiptastofnun beitir fjarskiptalöggjöfni til þess að hvetja til virkrar samkeppni og öruggs aðgangs almennings að fjarskiptaþjónustu, sbr. leið nr. 1, skilgreinir og leggur á kröfur um útbreiðslu fjarskiptaþjónustu í tíðniheimildum, sbr. leið nr. 1, hefur eftirlit með því að samlegðaráhrif af veituframkvæmdum raski ekki samkeppni, sbr. leið 2, leggur á alþjónustukvaðir og úthlutar fjárframlögum úr jöfnunarsjóði, sbr. leið 3. Það er helst að því er var beinan fjárstuðning frá hinu opinbera, annað hvort vegna öryggissjónarmiða, sbr. leið 4, eða annarra ástæðna, sbr. leið 4, sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki beinu hlutverki að gegna, enn sem komið er. Þó er gert ráð fyrir því í nýju fjarskiptaregluverki Evrópusambandsins frá 2009, þar sem mikil áhersla er lögð á jákvæða hvata til uppbyggingar á háhraðanetstengingum, að fjarskiptaeftirlitsstofnunum í sérhverju aðildarríki (PFS hér á landi) fari með ráðgefandi hlutverk um að framlög af hálfu hins opinbera til slíkra framkvæmda séu í samræmi við ríkisstyrktarreglur sambandsins. Ekki er ennþá búið að innleiða þessar reglur hér á landi, en þetta er væntanlega verkefni sem mun falla í skaut Póst- og fjarskiptastofnunar á komandi misserum.

Það eru ekki ný sannindi að Póst- og fjarskiptastofnun hafi mikilvægu hlutverki að gegna við að stuðla að uppbyggingu fjarskiptainnviða, enda er það eitt af lögbundnum verkefnum hennar að „*hvetja til skilvirkra fjárfestinga í innviðum fjarskipta og stuðla að nýbreytni*“, sbr. b.-lið 2. töluliðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Höfundum fjarskiptaáætlunar og Alþingi hefur verið kunnugt um hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar hvað þetta varðar og þá mörgu snertifleti sem markmið áætlunarinnar, um uppbyggingu og þróun fjarskiptainnviða, hafa við verkefni og daglega starfsemi stofnunarinnar. Þannig að þegar kemur að umfjöllun í greinargerð með fjarskiptaáætlun um hvernig eigi að fjármagna og hrinda markmiðum hennar í framkvæmd er sérstaklega ályktað um þátt Póst- og fjarskiptastofnunar í þessu sambandi, en þar segir: „*Varðandi fjárheimildir til að fylgja eftir framkvæmd fjögurra ára fjarskiptaáætlunar er gert ráð fyrir að það hlutverk sem Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað að sinna rúmist innan tekjustofna stofnunarinnar.*“

Vandamálið er hins vegar að Póst- og fjarskiptastofnun hefur ekki fengið að njóta að fullu tekna af sjálfstæðum tekjustofnum sínum undanfarin ár. Raunar er það svo að fjárheimildir stofnunarinnar hafa rýrnað um 22,7% að raungildi miðað við árin 2008-2014, þrátt fyrir að tekjur hennar af mörkuðum tekjustofnum sem innheimtar eru af markaðsaðilum hafi vaxið á sama tíma. Þannig hefur Póst- og fjarskiptastofnun ekki haft fjárhagslega burði til að leggja til faglega vinnu sem lýtur að öllum framangreindum leiðum til uppbyggingar á fjarskiptainnviðum að því marki sem þyrfti.

Í þingsályktunartillögunni er fjallað um nauðsyn þess að greina þörfina fyrir háhraðatengingar utan þéttbýlis. Til að framkvæma slíka greiningu, svo vel eigi að vera, þarf að koma á fót heildstæðum gagnagrunni um fjarskiptainnviði á landinu öllu, hvort sem um er að ræða þráðlausar eða fastanetstengingar. Hér átt við gagnagrunn sem byggir á landfræðilegu upplýsingakerfi sem m.a. er búið þeim eiginleika að reikna út og sýna dreifikort á myndrænu formi um útbreiðslu farnetsþjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun hefur af vanefnum undirbúið og byggt upp frumgerð að slíkum gagnagrunni á síðustu misserum. Stofnunin hefur jafnframt óskað eftir frekari fjárveitingum til þess að ljúka við smíði og til starfrækslu á slíkum gagnagrunni, nú síðast með beiðni um að 15 milljónir króna af bundnu eigin fé verði losað á

fjárukalögum ársins 2013, en það er aðeins lítill hluti af óráðstöfðum tekjuafgangi (höfuðstól) stofnunarinnar. Þetta fékkst ekki samþykkt við fjárlagagerðina, þrátt fyrir hina brýnu og málefnalegu þörf fyrir slíkan gagnagrunn, m.a. til að kortleggja framboð af háhraðanetstengingum utan þéttbýlis, eins og þingsályktunartillagan ber vott um. Þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun jafnframt í ársáætlun sinni bent á þörf þess að efla vinnu við greiningu á því evrópska regluverki sem snýr að næstu kynslóð aðgangsneta (NGA), þ.m.t. leiðbeiningar vegna ríkisstyrkja (lýtur að leið nr. 4 hér að framan), en þær háhraðatengingar sem þingsályktunartillagan fjallar um falla einmitt undir þetta regluhverfi sambandsins.

Framangreint sýnir skýra viðleitni Póst- og fjarskiptastofnunar til þess að vinna að framgangi markmiða fjarskiptaáætlunar umfram það svigrúm sem stofnunin hefur til slíkra verka á grundvelli fjárheimilda stofnunarinnar sem farið hafa minnkandi undanfarin ár að raungildi. Póst- og fjarskiptastofnun telur að vinna eigi að uppbyggingu fjarskiptainnviða, þ.m.t. háhraðatenginga á landbyggðinni, á grundvelli þeirrar forgagnröðunar sem að framan greinir, þ.e. ekki eigi að leggja til opinbert fé (fyrir utan þær sem leiða af tekjustofnum PFS) í þær leiðir sem þegar eru fyrir hendi á grundvelli núgildandi fjarskiptaregluverks og með aðkomu frjáls fjarskiptamarkaðs. Eingöngu þegar þær leiðir eru tæmdar og til þrautarvara eigi að leggja almannafé til beinnar uppbyggingar af hálfu eða með stuðningi hins opinbera, samkvæmt leiðum tvö til fjögur.

II.

Samandregnar niðurstöður og tillögur PFS

Samkvæmt framangreindu styður Póst- og fjarskiptastofnun bæði markmið og efni umræddrar þingsályktunartillögu, þ.e. að fjarskiptasjóður hafi tilteknu hlutverki að gegna og eigi að hafa fjárhagslegt bolmagn til að koma að framkvæmdum, að því tilskildu að fjármagnaðar hafi verið með raunhæfum hætti þær leiðir til uppbyggingar á fjarskiptainnviðum sem framar standa í forgagnsröðun varðandi ráðstöfun opinbers fjár. Að áliti Póst- og fjarskiptastofnunar er ódýrara og hagkvæmara að nýta þær almennu leiðir til uppbyggingar á fjarskiptainnviðum, auk sértækra úrræða, sem fyrir hendi eru, samkvæmt núgildandi fjarskiptaregluverki um frjálsan fjarskiptamarkað, fremur en að úthluta fé úr opinberum sjóðum til slíkra verka, nema í allra brýnustu nauðsyn.

Að öllu þessu virtu styður Póst- og fjarskiptastofnun þingsályktunartillöguna og gerir tillögu um eftirfarandi framkvæmdaratriði:

- Að hafist verði handa við að innleiða fjarskiptatilskipanir Evrópusambandsins frá 2009, sem hafa m.a. að geyma jákvæða hvata til uppbyggingar á næstu kynslóð aðgangsneta, um leið og forsendur skapast til þess á vettvangi Sameiginlegu nefndarinnar (þ.e. með upptöku tilskipananna í EES-samninginn).
- Póst- og fjarskiptastofnun verði veitt fjárheimild að upphæð 15 milljónir króna til að þróa áfram gagnagrunn um fjarskiptainnviði á Íslandi, sem m.a. verði notaður til að þarfagreina aðgang að háhraðanetstengingum utan þéttbýlis, eins og þingsályktunartillagan gengur út á. Fjármunirnir verði teknir af bundnu eigin fé stofnunarinnar.
- Póst- og fjarskiptastofnun verði veitt fjárheimild að upphæð 10 milljónir króna til að rannsaka og greina evrópskt regluverk um næstu kynslóð aðgangsneta (NGA) og útbúa leiðbeiningar og viðhafa ráðgjöf til opinberra aðila (sveitarfélaga, ríkis og þ.m. t.

fjarskiptasjóðs) um hvernig opinber fjárstuðningur fái samrýmt ríkisstyrktarreglum EES svæðisins. Fjármunirnir verði teknir af bundnu eigin fé stofnunarinnar.

- Póst- og fjarskiptastofnun styður þá meginreglu, sem finna má í efni þingsályktunartillögunnar, að þeir fjarskiptainnviðir sem byggðir eru upp fyrir opinberan stuðning séu bundnir kvöð um opinn heildsöluaðgang.
- Að lögum verði breytt þannig að veitufyrirtækjum og Vegagerðinni verði skylt að leggja ljósleiðara samhliða veitu- og vegaframkvæmdum, sé það talið skynsamlegt að mati stjórnvalda.
- Póst- og fjarskiptastofnun styður þá tillögu að fella niður vörugjöld á ljósleiðarastrengjum eða láta þá fjármuni renna til fjarskiptasjóðs.

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson

Afrit sent til innanríkisráðuneytisins



Alþingi
Erindi nr. P 143/860
komudagur 20.1.2014

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - umhverfis- og samgöngunefnd
b.t. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

Reykjavík 13. janúar 2014

Kirkjustræti
150 Reykjavík

1401028SA AGB
Málalykill: 350

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um háhraðatengingar í dreifbýli, þskj. 260 –
203. mál, 143 lp.**

Ofangreint mál barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með tölvupósti 6. janúar sl.

Samkvæmt tillögunni skal innanríkisráðherra falið að gera nýja þarfagreiningu og landsáætlun um háhraðanettengingar utan þéttbýlis með það að markmiði að innan fjögurra ára eigi allir landsmenn kost á háhraðanettengingum sem standast kröfur samtímans um flutningsgetu.

Samband íslenskra sveitarfélaga er sammála því að þörf sé á nýrri þarfagreiningu og úrbótaáætlun um háhraðatengingar utan þéttbýlis og telur mikilvægt að sveitarfélög taki beinan þátt í slíkri vinnu. Þingsályktun um fjögurra ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2014 er núgildandi rammi fyrir uppbyggingu á þessu sviði. Þessi áætlun hlýtur að koma til endurskoðunar á þessu ári og væri e.t.v. heppilegt að vísa þingsályktunartillögunni til úrvinnslu í tengslum við þá endurskoðun. Einnig er rétt að benda á að sambandinu barst í desember sl. beiðni frá innanríkisráðuneytinu um að tilnefna fulltrúa í starfshóp til að fara yfir stöðu breiðbandsvæðingar hér á landi og gera tillögur til ráðherra til útbóta. Þessi vinna hefur líka efnisleg tengsl við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

13.1.2014

Alþingi
Erindi nr. P 143/838
komudagur 13.1.2014

Samband sveitarfélaga á Austurlandi fékk til umsagnar frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, tillögu til þingsályktunar um háhraðanettengingar í dreifbýli, 203. mál. Í framhaldi af þingsályktunartillögunni leyfi ég mér að senda umhverfis- og samgöngunefnd samþykkt 47. aðalfundar SSA sem haldinn var í Fjarðabyggð dagana 13. og 14. september sl. um fjarskiptamál.

„Aðalfundur SSA haldinn í Fjarðabyggð 13. og 14. september 2013 fagnar því framtaki Símans að tengja bæjarfélög á Austurlandi ljósnetinu. Fundurinn telur mikilvægt að við slíka framkvæmd verði allir þéttbýliskjarnar á Austurlandi stórir sem smáir tengdir ljósnetinu í átaki Símans og dreifbýlum svæðum sinnt á sama máta og þéttbýli varðandi möguleika á háhraðatengingum. Fundurinn leggur áherslu á það sanngirnismál að allir íbúar landsins hvort sem þeir búa í þéttbýli eða dreifbýli eigi kost á háhraðatengingu sem stenst nútímakröfur.“

Með bestu kveðju



Ólafur Áki Ragnarsson

Fulltrúi sveitarstjórnarmála

Sími: 470-3870 / 893 6434

www.austurbru.is